

# Viðmiðunarreglur OECD um stjórnun lífeyrissjóða<sup>1</sup>

## I. Stjórnskipun

### 1. Staðfesting og ábyrgð

Nauðsynlegt er að staðfesting og aðskilnaður sé á milli ábyrgðar á rekstri og eftirlits við stjórnun lífeyrissjóðs. Að því marki sem lífeyriseining hefur verið stofnuð, sem er eigandi lífeyrissjóðs fyrir hönd sjóðfélaga og lífeyrisþega ber að hafa réttarform einingarinnar, innri stjórnskipan og meginmarkmið skýrt afmörkuð í lögum lífeyriseiningarinnar, félagslögum, samningi eða fjárvörsluskjali eða skjölum sem þeim tengjast. Ef lífeyrissjóðurinn hefur verið stofnaður sem sérstakur reikningur undir stjórn fjármálastofnana ber að tilgreina skýrlega eftirlaunakerfið eða lífeyrissamninginn milli bakhjarla sjóðfélaga og lífeyrisþega annars vegar og fjármála- stofnunarinnar hins vegar þar sem ábyrgð hins síðarnefnda aðila varðandi stjórnun lífeyris- sjóðsins er skilgreind nákvæmlega. Þar eð góð stjórnun lífeyrissjóðs ætti að taka tillit til áhættu ætti verkaskiptingin að endurspeglar eðli og umfang þeirrar áhættu sem sjóðurinn býr við.

### 2. Stjórn

Hver lífeyrissjóður ætti að hafa stjórn<sup>2</sup> sem falin er stjórnun lífeyrissjóðsins og ber endanlega ábyrgð á því að tryggja að farið sé að ákvæðum fyrirkomulagsins og að gætt sé hagsmuna sjóðfélaga og bótaþega. Ábyrgð stjórnar á að koma heim og saman við meginmarkmið lífeyrissjóðsins sem er að þjóna sem örugg uppspretta ellilífeyris. Stjórnin á að bera endanlega ábyrgð á lífeyrissjóðnum, jafnvel þótt hún framselji tiltekin verkefni til utanaðkomandi þjónustuaðila. Til dæmis á stjórnin að bera ábyrgð á að fylgjast með og hafa eftirlit með slíkum utanaðkomandi þjónustuaðilum. Viðeigandi eftirliti ber að koma á í þeim tilvikum að stjórnin sé viðskiptastofnun.

### 3. Ábyrgðarskylda

Stjórnin gegnir ábyrgðarskyldu gagnvart sjóðfélögum og bótaþegum, eftirlitsstjórn (ef það á við) og þar til bærum yfirvöldum. Ábyrgðarskylda gagnvart sjóðfélögum og bótaþegum má stuðla að með því að sjóðfélagar lífeyrissjóðsins og bótaþegar eða atvinnugreinasamtök þeirra tilnefni stjórnarmenn. Stjórnin kann einnig að bera ábyrgð gagnvart bakhjarli lífeyrissjóðsins í samræmi við ábyrgð sína sem lífeyrisgreiðandi. Í því skyni að tryggja ábyrgðarskyldu

<sup>1</sup>Í aðildarríkjum Evrópusambandsins er hugsanlegt að þessar viðmiðunarreglur eigi ekki við um einkalífeyrissjóði fyrirtækja, sjóði og aðila sem falla utan ákvæða forsagnar Evrópuþingsins 2003/41/EC og forsagnar ráðs ESB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem ætlað er að greiða eftirlaun launþega (t.d. lífeyrissamninga sem fjármagnaðir eru sem bókfærðir varasjóðir).

<sup>2</sup>Ef stjórnirnar eru tvær, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn, telst sú stjórn, sem ber ábyrgð á öllum stefnumótandi ákvörðunum (að jafnaði framkvæmdastjórnin), yfirstjórn.

stjórnarinnar á hún að bera lagalega ábyrgð á verkum sínum ef þau eru ekki í samræmi við þær skyldur sem á hana eru lagðar, þ.m.t. gætni. Í fastiðgjaldsþjóðum krefst ábyrgðarskyldan þess að settar séu reglur um takmörkun ábyrgðar sem skýra skyldur og ábyrgð stjórnarinnar.

#### 4. Hæfi

Seta í stjórninni ætti að vera háð hæfisstöðlum (vanhæfnistöðlum) til þess að tryggja sem mest heilindi, hæfni, reynslu og fagmennsku í stjórnun lífeyrissjóðsins. Stjórninni ber sam-eiginlega að hafa til að bera nauðsynlega kunnáttu og þekkingu til að hafa eftirlit með allri starfsemi lífeyrissjóðsins og fylgjast með þeim fulltrúum og ráðgjöfum sem falin hafa verið slík störf. Henni ber einnig að leitast við að auka þekkingu sína, eftir því sem við á, með við-eigandi þjálfun. Hvers konar mælikvarðar, sem kunna að gera einstakling vanhæfan til að vera skipaður í stjórn, skulu skýrlega tilgreindir í regluverki.

#### 5. Úthlutun verkefna og ráðgjöf sérfræðinga

Stjórninni er heimilt að njóta stuðnings undirnefnda og úthluta verkefnum til starfsmanna sjóðsins eða leita utanaðkomandi þjónustu. Ef stjórnin hefur ekki til að bera nægilega sérfræðiþekkingu til að taka fyllilega upplýstar ákvarðanir og rækja skyldur sínar kann opinber eftirlitsstofnun að krefjast þess að stjórnin leiti sérfræðilegrar ráðgjafar eða að fagmenn verði tilnefndir til að framkvæma tiltekin störf. Stjórninni ber að meta fengna ráðgjöf, þ.m.t. gæði hennar og óhlutdrægni, og sannreyna að allir fagmenn á hennar vegum og utanaðkomandi þjónustuaðilar fullnægi viðeigandi hæfniskröfum og hafi viðeigandi reynslu.

#### 6. Endurskoðandi

Endurskoðandi, sem er óháður lífeyrissjóðnum, stjórn sjóðsins og bakhjarli sjóðsins, skal tilnefndur af viðeigandi aðila eða stjórnvaldi til að framkvæma reglulega endurskoðun sem kemur heim og saman við fyrirkomulag sjóðsins. Eftir því hvernig almennri tilhögun eftirlitsins er háttáð ber endurskoðanda að tilkynna til stjórnarinnar án tafar og – ef stjórnin gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til úrbóta – til þar til bærra yfirvalda og annarra viðeigandi einstaklinga ef hann, í störfum sínum, verður var við tilteknar staðreyndir sem kunna að hafa verulega neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins eða stjórnskipulag og reikningshald hans.

#### 7. Tryggingafræðingur

Viðeigandi aðili eða stjórnvald skal tilnefna tryggingafræðing fyrir öll fastréttindakerfi sem fjármögnuð eru með lífeyrissjóðum. Ef tryggingafræðingurinn, við framkvæmd faglegra eða lagalegra starfa sinna, kemst á snoðir um að sjóðurinn hlíti ekki, eða sé ólíklegur til að hlíta, viðeigandi lögbundnum kröfum og háð almennri tilhögun eftirlits ber honum að tilkynna það til stjórnarinnar og - ef stjórnin gerir ekki viðeigandi ráðstafanir til úrbóta - til opinbers eftirlitsaðila eða annarra viðeigandi einstaklinga án tafar.

#### 8. Vörsluaðili

Varsla eigna lífeyrissjóðsins kann að vera í höndum lífeyrissjóðsins sjálfs, fjármálastofnunar, sem hefur umsjón með lífeyrissjóðnum, eða sjálfstæðs fjárvörsluaðila. Ef stjórnin tilnefnir óháðan fjárvörsluaðila til að geyma eignir lífeyrissjóðsins og tryggja varðveislu þeirra skulu eignir sjóðsins vera aðskildar frá eignum fjárvörsluaðilans að lögum. Fjárvörsluaðila er ekki heimilt að losa sig undan ábyrgð sinni með því að treysta þriðja aðila fyrir öllum eignum eða hluta eigna sjóðsins til vörslu.

## II. Stjórnarhættir

### 9. Innra eftirlit miðað við áhættu

Hafa ber viðeigandi innra eftirlit til að tryggja að allir einstaklingar og aðilar, sem gegna ábyrgð við rekstur og eftirlit, hagi störfum sínum í samræmi við þau markmið, sem koma fram í samþykktum lífeyrissjóðsins, lögum, samningi eða fjárvörslusamningi eða skjölum sem tengjast þeim og að þeir fari að lögum. Slíkt eftirlit skal ná til allra grundvallarþátta í skipulagi og stjórnun; eftir því hvað lífeyrissjóðurinn er viðamikill og flókinn skal eftirlitið m.a. vera fólgið í frammistöðumati, reglum um starfskjör, upplýsingakerfum og ferlum, áhættustýringaráætlun og hlýðni við lög og reglur. Stjórnin ætti einnig að setja siðareglur og reglur um hagsmunaárekstra varðandi hana sjálfa og starfsmenn lífeyrissjóðsins og alla þá sem hafa skyldum að gegna við reksturinn. Einnig ber að hafa viðeigandi eftirlit til að stuðla að óhæfi og óhlutdægri ákvarðana sem stjórnin tekur til að tryggja trúnað um viðkvæmar upplýsingar varðandi sjóðinn og koma í veg fyrir misnotkun trúnaðarupplýsinga.

### 10. Skýrslugerð

Koma skal á boðleiðum milli allra einstaklinga og eininga, sem eiga aðild að stjórnun lífeyrissjóðsins til þess að tryggja skilvirka og tímanlega sendingu viðeigandi og nákvæmra upplýsinga.

### 11. Upplýsingagjöf

Stjórninni ber að gefa öllum tengdum aðilum viðeigandi upplýsingar (einkum sjóðfélögum og lífeyrisþegum, bakhjörllum lífeyrissjóðsins, opinberum eftirlitsaðilum, endurskoðendum o.s.frv.) með skýrum, nákvæmum og tímanlegum hætti.

